

## **Fundargerð 122. fundar fræðslunefndar Flóahrepps**

<b>Fundarstaður:</b>	Flóaskóli
<b>Fundardagur:</b>	þriðjudagur 19. maí 2020
<b>Fundartími:</b>	Krakkaborg: 16:30 – 17:00 Sameiginleg málefni: 17:00-18:00 Flóaskóli: 18:00-19:30
<b>Fundarmenn:</b>	Hulda Kristjánsdóttir, formaður Mareike Schacht, varaformaður Ægir Sigurðsson, ritari Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður Björg Kvaran, aðstoðarleikskólastjóri Eyðís Rós Eyglóardóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla Anna M. Hoffman Guðgeirs dóttir fulltrúi kennara Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar Jóhannes Hreiðar Símonarson, fulltrúi foreldra úr grunnskóla

**Krakkaborg:**

**1) Fréttir af skólastarfinu – Stutt samantekt**

Aðstoðarleikskólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu frá síðasta fundi. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar í vor vegna covid19, m.a. varðandi vistunartíma og útskrift í vor. Þrátt fyrir miklar breytingar á starfinu hefur allt gengið vel. Farið yfir breytingar á starfmannahaldi fyrir næsta skólaári.

**2) Leikskóladagatal 2020-2021**

Farið yfir drög að leikskóladagatali. Tillögur að smávægilegum breytingum. M.a. lagt til að færa starfsmannafundi þannig að það henti foreldrum betur. Lagt til að drög að dagatali ásamt breytingum verði kynntar fyrir foreldraráði og endanlegt dagatal verði síðan sent í tölvupósti á fræðslunefnd.

**3) Önnur mál**

Formaður ítrekaði beiðni Mennta-og menningarmálaráðuneytins þar sem óskað er upplýsinga um framkvæmd umbóta á leikskólanum Krakkaborg. Leikskólastjóri þarf að skila inn umbeðnum upplýsingum eigi síðar en 8. júní 2020.

Rætt um leiktæki sem eru við Þingborg, rólur sem verið er að panta og trampólín sem er á staðnum og þarf að endurnýja eða fjarlægja. Rætt um að bílar séu skildir eftir í gangi við Krakkaborg, lagt til að ítrekað verði við foreldra að drepið sé á vélum bifreiða fyrir utan leikskólann.

Björg Kram  
Hlinde Þorl.  
Egir Þor  
Tjeld Þor

Ólafur Ósk

Alma Guðrún Ósk  
K. Hareika Schacht

## **Sameiginleg málefni:**

### **4) Sameiginlegur íbúafundur skólaráðs Flóaskóla og foreldraráðs Krakkaborgar**

Farið yfir helstu niðurstöður sameiginlegs fundar sem haldinn var fyrr í vetur. Fáir gestir voru á fundinum fyrir utan skólaráð, foreldraráð og stjórnendur skólanna. Ýmislegt var rætt og var fundurinn gagnlegur. Gunnlaug ætlað að senda samantekt af fundinum til fræðslunefndar. Þessi fundur var fyrsta tilraun til að ræða sameiginlega gildi skólanna með íbúum, umræðan mun nýtast í starfi skólanna.

### **5) Skóladagatöl 2020-2021 Samræming á milli skólastiga**

Umræða um skóladagatöl leik- og grunnskóla og reynt að samræma starfsdaga og skerta daga eins og kostur er til þæginda fyrir foreldra með nemendur á báðum skólastigum. Rætt um að finna sameiginlegan starfsdag þar sem starfsfólk skóla gæti setið sameiginlegan fund. Fræðslunefnd leggur til að skólastjórar ræði saman um að finna sameiginlegan starfsdag. Athuga þarf hvort vorskólavika þurfi að vera á skóladagatali eða hvort nóg sé að hafa hana á viðburðardagatali.

### **6) Vorskólavika**

Farið yfir skipulag vorskólaviku sem var fyrr í maí, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Ósk frá Krakkaborg er að þegar nemendur komi þá fari þeir alltaf á sama stað fyrst að morgni og fari síðan þaðan í önnur verkefni. Rætt um mikilvægi vorskólavikunnar fyrir nemendur, þrátt fyrir álag á starfsfólk og nemendur.

### **7) Samstarf leik- og grunnskóla**

Rætt um skipulag á samstarfi leik- og grunnskóla fyrir skólaárið 2020-2021. Rætt um að halda fund í febrúar eða mars þar sem farið er yfir færslu nemenda úr leikskóla í grunnskóla. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi þar sem áfram verði unnið að þeim verkefnum sem hafa verið í þróun undanfarin skólaár.

### **8) Fundarseta og akstur nefndarmanna**

Skila þarf inn upplýsingum um fjölda funda og akstur fræðslunefndarmanna til formanns í síðasta lagi 20. maí.

### **9) Önnur mál**

Anna Maria Hoffmann  
Guðrún Þórssdóttir

HU  
K. Haukur Þórasdóttir  
Alma Óswald Óðolof  
Sigurður Þórisson  
Eyði Þórisdóttir  
SGB  
BÍK  
Jóhannes Smárason

Flóaskóli:

**10) Fréttir af skólastarfinu – Stutt samantekt**

Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu frá síðasta fundi. Mjög vel sóttir fjölskyldudagar voru í lok febrúar og gengu þeir mjög vel. Erindi hafa verið haldin fyrir nemendur og foreldra, m.a. þar sem fræðsla var um kynlíf og tölvunotkun. Frambærilegir fulltrúar fóru í Stóru upplestrarkeppnina og átti Flóaskóli fulltrúa í verðlaunasæti. Farið yfir fyrirkomulag starfsins á meðan samkomubann hafði áhrif á skólastarfið. Almennt talið að vel hafi tekist til en að flestir hafi fundið fyrir auknu á lagi. Rætt um hvað hefur komið gott út úr breytingum og hvaða breytingar séu komnar til að vera. Samræmd próf voru í vor og er verið að vinna úr niðurstöðum. Skólahreysti fer fram í lok maí og er undirbúningur í gangi. Unnið hefur verið að ýmsu á skólalóðinni, m.a. varðandi ræktun og gróðursetningu. Rætt um vorskólaviku og fræðslufund fyrir foreldra sem haldinn var á Teams. 10. bekkur mun fara í úrskriftarferð í Skagafjörð. Rætt í framhaldi af vorskólaviku um möguleika þess að nemendur komi fyrr eða seinna úr leikskóla. Fram kemur að mikilvægt sé að upplýsingar um sérþarfir nemenda skili sér snemma til grunnskólans sem getur þá gert ráðstafanir til að mæta þörfum nemenda.

**11) Skóladagatal 2020-2021**

Drög að skóladagatali lagt fyrir útfrá þeim breytingatillögum sem rætt var í lið 5. Smávægilegar breytingar lagðar til, rætt um vetrarfrí, starfsdaga o.fl. Fræðslunefnd gerir ekki frekari athugasemdir og leggur til að skóladagatal verði samþykkt.

**12) Skólaakstur 2020-2021**

Skólastjóri hefur gert þarfagreiningu fyrir skólaakstur næsta skólaárs. Gera þarf ráðstafanir vegna fjölda barna á hverri akstursleið. Skólastjóri ætlar að fara yfir akstursmál með sveitarstjóra.

**13) Starfsmannahald og ráðningar fyrir næsta skólaár**

Farið yfir helstu breytingar á starfsmannahaldi skólans og ráðningar sem gengið hefur verið frá. Ýmsar breytingar verða í starfsmannamálum, m.a. hafa verið ráðnir þrír kennrar með kennsluréttindi.

**14) Ytra mat á skólastarfi - <https://mms.is/grunnskolar-3>**

Niðurstöður úr ytra mati á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis liggja fyrir. Helstu niðurstöður kynntar af skólastjóra. M.a. kemur fram að vinna þarf að skólastefnu sveitarfélagsins. Fræðslunefnd leggur til að fyrir fund fræðslunefndar í ágúst 2020 verði búið að ráða verkefnistjóra til að vinna að skólastefnu Flóahrepps.

**15) Umbótaáætlun**

Skólastjóri fór yfir umbótaáætlun skólans útfrá niðurstöðum ytra mats. Umbótaáætlun hefur verið yfirfarin af sveitarstjóra og verður birt á vef menntamálastofnunar.

**16) Skólapúlsinn – Starfsmannakönnun**

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar kynntar fyrir fræðslunefnd.

**17) Áfallaáætlun og samskiptaáætlun**

Formaður leggur til að drög að þessum áætlunum verði tekin upp á fyrsta fundi nefndarinnar í ágúst 2020.

**18) Önnur mál**

Fundi slitið kl. 20:10

*Hljóði mi.  
K. Hareika Sladat  
Jóhannes Þorvaldsson  
Annar Hoffmann Guðgeirsd.  
Guðrún Lang Helgumann  
Dagur Ólafsson  
Alma Anna Oddsdóttir*